

Bæjarstjórn - 1798

## FUNDARBOÐ

**1798. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 17. janúar 2018 og  
hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 1801364 - #metoo, ípróttu- og tómstundastarf**

Til umræðu.

**2. 1411212 - Borgarlína**

Til umræðu.

**3. 1704041 - Samráðshópur Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar um  
tvöföldun Reykjanesbrautar**

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.jan. sl.

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu mætti til fundarins.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir yfir vonbrigðum með að ekki sé tryggt fjármagn á árinu 2018 við áframhaldandi framkvæmdir við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar. Jafnframt er skorað á þingmenn að sjá til þess að framkvæmdum verði forgangsraðað í samræmi við öryggissjónarmið samgönguáætlunar og því beri að ljúka framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar innan Hafnarfjarðar. Unnið verði skv. tillögu um skiptingu framkvæmda við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar sem samráðshópur Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar hefur lagt fram. Sem fyrsta áfanga verði tryggt fjármagn á árunum 2018 og 2019 til að ljúka framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að mislægum gatnamótum við Kýrsuvíkurveg. Hönnun á þessum vegakafla liggur fyrir. Síðan verði tryggt fjármagn í samgönguáætlun á árunum þar á eftir til að ljúka framkvæmdum við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar skv. framangreindri tillögu."

**4. 1712248 - Slökkvilið höfuðborgarsvæðis, gjaldskrá**

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.jan. sl.

Gjaldskrá Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu lögð fram.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að gjaldskrá SHS verði samþykkt.

**5. 1708577 - Skarðshlið 2. áfangi, tilboðslóðir**

12.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.jan. sl.

Óðalhús ehf átti hæsta tilboð í Vikurskarð 12.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að taka tilboði og úthluta Óðalhúsum ehf lóðinni Vikurskarði 12.

#### **6. 1708296 - Móbergsskarð 1, Umsókn um lóð, úthlutun, afsal lóðar**

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.jan.sl.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 20. desember s.l. afsal á 50% lóðarinnar nr. 1 við Móbergsskarð. Lóðarhafar 50% lóðar skyldu þá finna nýja meðbyggjendur og hefur það nú verið gert.

Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhöfum Móbergsskarðs 1 og tölvupóstur frá nýjum meðbyggjendum þar sem tilkynnt er um og óskað samþykkis á nýjum meðbyggjendum. Þá óska aðilar eftir að lóðarhafar 50% lóðarinnar Móbergsskarðs 1 fái að afsala sér lóðinni og að lóðinni nr. 5 verði úthlutað til aðila.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að úthlutun 50% lóðarinnar Móbergsskarðs 1 til Jóhanns Bjarna Kjartanssonar og Borghildar Sverrisdóttur verði afturkölluð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Móbergsskarði 5 verði úthlutað til Jóhanns Bjarna Kjartanssonar og Borghildar Sverrisdóttur og til Dagbjarts Pálssonar og Þóru Sveinsdóttur.

#### **7. 0702054 - Eldri borgarar, niðurgreiðsla og vildarkort**

5.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 12.jan. sl.

Fjölskylduráð leggur til við bæjarstjórn að frístundastyrkur til eldri borgara verði hækkaður í samræmi við aðra hópa og fylgi þróun frístundastyrkja fyrir börn og ungmenni. Fjárhagslegar forsendur verða metnar um mitt ár og afstaða tekin til þess hvort gera þarf viðauka vegna breytingarinnar. Ráðið felur sviðsstjóra að endurskoða fyrirbyggjandi samkomulag við ÍBH.

#### **Fundargerðir**

#### **8. 1801218 - Fundargerðir 2018, til kynningar í bæjarstjórn.**

Fundargerð fjölskylduráðs frá 12.jan.sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 11.jan. sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 13.des. sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 13.des. sl.

c. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 15.des. sl.

d. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 6. og 12.des. sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10.jan.sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 15.des. sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 6.des. sl.

c. Fundargerð stjórnar SSH frá 4.des. sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.jan. sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 10.jan. sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 13.des. sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 15.jan. sl.

15.01.2018

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri

